

AUGLÝSING**um útlvarpsgjald.**

Útlvarpsgjald sbr. 22. gr. útlvarpslaga nr. 68/1985 hefur verið ákveðið kr. 1.622 frá og með 1. júlí 1990 þar til annað verður ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 24. júní 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING**um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla og prófastsdæma.**

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands nr. 62 frá 17. maí 1990, er ákveðið að fresta fyrst um sinn gildistöku eftirtalinna breytinga samkvæmt 1. gr. laganna:

1. Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið, 1. gr. Frestað er niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll. Ennfremur er frestað færslu Stórolfshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólstaðarprestakall.
2. Í Árnesprófastsdæmi, sbr. V. lið, 1. gr. Frestað er stofnun Þorlákshafnar- og Hraungerðisprestakalla.
3. Í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, sbr. VII. lið, 1. gr. Frestað er niðurlagningu Söðulholtsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Staðastaðarprestakall. Ennfremur er frestað stofnun Ingjaldshólsprestakalls.
4. Frestað er færslu Siglufjarðarprestakalls úr Eyjafjarðarprófastsdæmi í Skagafjarðarprófastsdæmi, sbr. XI. lið, 1. gr.
5. Í Þingeyjarprófastsdæmi, sbr. XIII. lið, 1. gr. Frestað er sameiningu Háls- og Staðarfellsprestakalla í eitt prestakall, Ljósavátnsprestakall.
6. Í Kjalarnessprófastsdæmi, sbr. XIV. lið, 1. gr. Frestað er öllum breytingum á prestakalla-skipan í prófastsdæminu.
7. Skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í tvö prófastsdæmi, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, sbr. XV. og XVI. lið, 1. gr., er frestað. Frestun þessi öðlast gildi 1. júlí 1990 og gildir að svo stöddu til 1. janúar 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. júní 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Anna Guðrún Björnsdóttir.